

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, sbr. reglugerð nr. 791/2000, um breytingu á henni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin: „skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi“ í 1. málsl. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.